Skipulagsstofnun

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2018
*Tilvísun: 201811014* / 3.5

## Efni: Breyting á deiliskipulagi Hlíðarenda, lóð A, Reykjavík

Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 5. nóvember 2018, sent Skipulagsstofnun breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 17. ágúst 2018. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í borgarráði 25. október 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa um framkomnar athugasemdir, dags. 25. september 2018.

Deiliskipulagsbreytingin felst í breyttu orðalagi og kvöðum er varða landnotkun á lóð A, sem verður blönduð íbúða- og atvinnuhúsalóð eftir breytingu í stað atvinnulóðar. Jafnframt er heimild fyrir leikskólastarfsemi á reitnum með leiksvæði í inngarði.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:1000, dags. 1. júní 2018.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem ekki er gerð grein fyrir skiptingu húsnæðis á lóð A milli íbúða-, atvinnu- og leikskóla, né gerð grein fyrir fjölda íbúða, bílastæða o.fl.. Tafla er ætti að sundurgreina þetta er sú sama eftir breytingu og fyrir.

Unnsteinn Gíslason

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 12. desember 2018 (HG1)

**Varðar: Hlíðarendi**

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 16. nóvember 2018 þar sem gerð er athugasemd við birtingu auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem ekki er gerð grein fyrir skiptingu húsnæðis á lóð A á milli Íbúða-, atvinnu- og leikskóla, né gerð grein fyrir fjölda íbúða, bílastæða o.fl. Einnig er lagður fram uppdr. dags. 1. júní 2018 lagf. 30. nóvember 2018.

**Umsögn:**

Skipulagsstofnun gerir með bréfi sínu dags. 16. nóvember 2018 athugasemd við birtingu samþykktar deiliskipulagsbreytingar Hlíðarenda í B-deild Stjórnartíðinda vegna efnislegrar framsetningar eftirtalinna atriða:

- Skipulagsstofnun gerir athugasemd við að hvorki er á uppdrætti gerð grein fyrir skiptingu húsnæðis á lóð A milli íbúða-, atvinnu og leikskóla, né gerð grein fyrir fjölda íbúða, bílastæða og fl. Tafla ætti að sundurgreina þessi atriði.

SVAR:

Búið er að bregðast við athugasemd með því að gera grein fyrir skiptingu byggingarmagns á milli íbúða- og atvinnuhúsnæðis í samræmi við skiptingu byggingarmagns íbúða- og atvinnuhúsnæðis á öðrum lóðum Hlíðarenda. Leikskóli fellur undir atvinnuhúsnæði og er þess vegna ekki gerður frekari greinarmunur á uppskiptingu byggingarmagns atvinnuhúsnæðisins.

f.h.

**Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Hildur Gunnarsdóttir arkitekt, verkefnastjóri.

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

Borgartún 12 – 14 / 105 Reykjavík / Sími 411-1111 / www.reykjavik.is